

Borgarráð

### *Stefna í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri*

Þann 26. nóvember sl. vísaði borgarráð drögum að stefnu í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri ásamt umsögnum til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til úrvinnslu. Heilt yfir fagna umsagnirnar stefnunni en helstu ábendingar sem þar koma fram varða það að stefnan er ekki aðgerðabundin og að ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni sé of dreifð með því að fela fagsviðum að móta aðgerðir og innleiða þær. Þá voru ábendingar um að fjármagn þyrfti að fylgja aðgerðum sem af stefnunni leiða. Í samráði við íþrótt- og tómsundasvið og formann starfshóps um stefnu í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri er lagt til að borgarráð samþykki stefnuna og að starfshópi verði falið að vinna kostnaðargreinda aðgerða- og innleiðingaráætlun, sem m.a. taki mið af umsögnunum.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að stefnu í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri.

Drög að erindisbréfi starfshóps um innleiðingu á stefnu í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri.

Umsögn skóla- og frístundasviðs.

Umsögn velferðarsviðs.

Umsögn íþrótt- og tómsundaráðs.

Umsögn menningar- og ferðamálasviðs.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn mannréttindaskrifstofu.

Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.